

Forsætisnefnd

***Tillaga um stofnun umhverfis- og heilbrigðisráðs***

Á fundi borgarstjórnar þann 19. júní 2018 var svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna samþykkt:

Borgarstjórn samþykkir að stofna umhverfis- og heilbrigðisráð. Ráðið fari með loftslagsmál, loftgæði, úrgangsmál og sorphirðu, ásamt verkefnum heilbrigðisnefndar. Ráðið verður í flokki I skv. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu borgarfulltrúa. Forsætisnefnd er falið að vinna samþykkt fyrir ráðið í samráði við umhverfis- og skipulagssvið sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í september. Ráðið starfar samkvæmt samþykkt um heilbrigðisnefnd þar til ný samþykkt liggur fyrir.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun:

Stjórnarandstaðan (flokkar D, M, J og F) telur að eðlilegra væri að fella niður núverandi ráð áður en farið er í að stofna ný ráð með sambærileg hlutverk.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

